

112 *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um sveitfesti*
12. okt. þurfalings.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 22. maí f. á, sem ákveður, að Jón nokkur Árnason skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi.

Í júlímánuði 1916 varð konan Stefanía Guðmundsdóttir að læknisráði að leggjast á spítala og fátækrastrjórnin í Reykjavík að taka ábyrgð á legukostnaði hennar þar og læknishjálp. Eiginmaður konu þessarar er áðurnefndur Jón Árnason, sem um þetta skeið átti heima í Ránargötu 29 A í Reykjavík. Jón þessi er fæddur á Efstu-Grund í Vestur-Eyjafjallahreppi 9. ágúst 1888, hefir hvergi unnið sjer sveit eftir 16 ára aldur og er óskilgetinn sonur Jóns Árna Jónssonar og Ingbjargar Ólafsdóttur. Hefir Vestur-Eyjafjallahreppur eigi viljað kannast við sveitfesti Jóns hjá sjer vegna þess að í kirkjubók Holtsprestakalls er móðir Jóns, og enda foreldrar hans báðir, talin vinnuhjú á Mýrum í Álftaveri en í kaupavinnu á Efstu-Grund, þegar drengurinn fæddist. Hinsvegar er það vottað af sóknarpresti Þykkvabæjarklaustursprestakalls, að hvorugt foreldranna sje talið til heimilis eða í vinnumensku á Mýrum í Álftaveri árið 1888, eða burtvikin eða innkomin í það prestakakall nefnt ár eða næsta ár á undan eða eftir. Móðir Jóns, Ingibjörg, hefir í æffirilssýrslu, sem af henni var tekin, skýrt svo frá dvalarstöðum sínum um þetta bil, að hún hafi vikið úr Leiðvallahreppi árið 1887 að Mýrum í Álftavershreppi og flust árið 1888, um Jónsmessuleytið að Efstu-Grund og dvalið þar 2 ár. Aftur var tekin af Ingibjörgu skýrsla fyrir aukarjetti Skaftafellssýslu 5. mars þ. á. og eru báðar þessar skýrslur samhljóða í höfuðatriðum, að eins er rjettarskýrslan nákvæmari um það, að dvöl hennar á Mýrum var frá því með slætti 1887, og þar til hún með næstu vetrarvertið fór til Vestmannaeyja og þaðan aftur um Jónsmessu að Efstu-Grund og eignaðist þá um sumarið barnið eins og áður er getið, og var þar til heimilis og vjek þaðan ekki fyr en vorið 1890.

Vottorð úr kirkjubók Holtsprestakalls, er segir Ingibjörgu fyrst innkomna að Efstu-Grund og þá frá Mýrum árið 1889, er ekki nægilegt til að hnekkja þessum framburði nje til að sanna heimilisfestu hennar á Mýrum þegar hún ól Jón. Álftavershreppur getur því ekki talist framfærsluhreppur hans. Í Leiðvallahreppi verður Jón heldur ekki talinn sveitlægur, því þaðan var móðir hans sannanlega burtvikin árið 1887 og átti þar því ekki einu sinni heimili næst fyrir fæðingartíðina, sbr. fátækrareglugjörðina frá 1834, 7. gr., en eftir henni ber að fara í þessu máli. Hvort sem því Efstu-Grund hefir verið orðið lögheimili móður Jóns, sem þó verður að telja líklegast, er hún átti hann, eða ekki, verður Vestur-Eyjafjallahreppur að teljast framfærsluhreppur hans og á því niðurstaða úrskurðar yðar að standa óhöggð.

Samkvæmt framansögðu úrskurðast, að Jón Árnason skuli teljast sveitlægur í Vestur-Eyjafjallahreppi og á því sá hreppur að endurgreiða $\frac{2}{3}$ hluta styrks þess, er umræðir í þessu máli eða kr. 206.63.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari **112** birtingar fyrir hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps og ber yður að annast um, að **12. okt.** hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

Staðf-sting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð sýslumanns **113** Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur, útgefin á venju- ^{8. sept.} legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 8. september 1918. Skipulagsskáin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð sýslumanns Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður sýslumanns Sigurðar E. Sverrissonar og konu hans Ragnhildar Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands þannig, að allir vextir leggist við höfuðstólinn, og eins það, er vinir eða vandamenn þeirra hjóna kynnu að leggja í hann, þar til vextir hans nema 60 — sextíu — krónum eða meira, þá skal að eins skylt að leggja $\frac{1}{6}$ — einn sjötta — vaxtanna við höfuðstólinn, en $\frac{5}{6}$ má verja á þann hátt, er segir í 4. og 5. grein.

3. gr.

Sýslunefnd Strandasýslu hefir alla stjórn sjóðsins, og skal oddviti hennar jafnan annast um geymslu á skirteinum Söfnunarsjóðsins, ásamt öllum skjölum, er sjóðnum tilheyra, þar á meðal skipulagsskrá þessari. Oddviti heldur árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, og leggur hann fram til sýnis á hvers árs aðalfundi nefndarinnar, eftir að sá tími er kominn, er farið er að eyða nokkru af vöxtunum. Þangað til nægir að sýna nefndinni viðskiftabók Söfnunarsjóðsins á fyrsta aðalfundi eftir að síðustu vextir eru innfærðir í hana, er ekki má vera sjaldnar en fimta hvert ár.